

Nd.

**409. Breytingartillögur**

[5. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. 5. gr. orðist svo:

Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

2. 8. gr. orðist svo:

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu. Nú hafa maður, sem kona hefur lýst föður að barni sínu, og konan tekið aftur upp sambúð samkvæmt því, er greint var, og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barn ófeðrað.

3. Við 17. gr.

Í stað orðanna „er barn nær 24 ára aldri“ komi orðin: er barn nær 20 ára aldri.

4. Við 23. gr. Aftan við 1. málsg. bætist: eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.
5. Við 25. gr. Í 1. málsg. falli niður orðin „barnsfararkostnað og“.

6. 29. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skyld að greiða foreldri barns, sem á framfærslu rétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða

staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lifeyrисdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfáðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

7. 30. gr. orðist svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslu eyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. bessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkvæmt 1. og 2. málsgr.

8. 32. gr. orðist svo:

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

9. 35. gr. 6. málsgr. orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíraðum gögnum.

10. Við 36. gr.

- Í stað orðanna „8. gr. 2. málsgr.“ í 3. mgr. komi orðin: 35. gr. 6. málsgr.
- Í stað orðanna „8. gr. 2. málsgr.“ í 4. mgr. komi orðin: 35. gr. 6. málsgr.

11. Við 37. gr.

- Í síðara skipti sem vitnað er til „8. gr. 2. málsgr.“ í 2. málsgr. greinarinnar komi í staðinn: 35. gr. 6. málsgr.
- Á eftir orðunum „8. gr. 2. málsgr.“ í 3. málsgr. greinarinnar bætist við orðin: og 35. gr. 6. málsgr.
4. málsgr. orðist svo:

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið til lit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

12. Við 38. gr. 1. og 2. málsgr. Á eftir orðunum „8. gr. 2. málsgr.“ bætist við orðin: og 35. gr. 6. málsgr.

13. Við 40. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „20 000 króna dagsektum“ komi orðin: 200 króna dagsektum.

14. Við 42. gr. 2. málsgr. Niður falli orðin „eða annarra lasta.“